

2010:4 • 15. mars 2010

Lágtekjumörk og tekjudreifing 2004–2009

Risk of poverty and income distribution 2004–2009

Samantekt Samkvæmt lífskjararannsókn Hagstofunnar 2009 var Gini-stuðullinn 29,6. Gini-stuðullinn sýnir dreifingu ráðstöfunartekna meðal landsmanna á einkaheimilum. Stuðullinn væri 100 ef einn maður væri með allar tekjurnar en 0 ef allir hefðu jafnar tekjur. Gini-stuðullinn hefur farið hækkandi frá 2004 en þá var hann 24,1.

Tekjuhæstu 20% landsmanna voru með 4,2 sinnum hærri ráðstöfunartekjur en tekjulægstu 20% í lífskjararannsókninni 2009 (fimmtungastuðull). Fimmtungastuðullinn var 3,4 árið 2004.

Af 29 Evrópuþjóðum var Ísland í 10. til 11. sæti í samanburði á Gini-stuðlinum og í 9. til 10. sæti í samanburði á fimmtungastuðlinum. Samanburðurinn er fyrir árið 2008 þar sem nýrri tölur eru ekki aðgengilegar fyrir önnur Evrópulönd.

Af 29 Evrópuþjóðum 2008 var Ísland með næst lægsta lágtekjuhluftallið. Lágtekjuhluftallið á Íslandi hefur verið mjög stöðugt á tímabilinu 2004 til 2008.

Á árunum 2004 til 2009 voru um það bil 10% þeirra sem bjuggu á einkaheimilum fyrir neðan lágtekjumörk (e. *at risk of poverty*) eins og þau eru skilgreind í lífskjararannsókn Evrópusambandsins. Lágtekjumörkin voru kr. 160.800 í ráðstöfunartekjur á mánuði fyrir einstakling sem bjó einn árið 2009 en kr. 337.700 fyrir tvo fullorðna með tvö börn.

Hlutfall þeirra sem voru undir lágtekjumörkum árið 2009 var hæst hjá konum í aldurshópnum 18–24 ára, rúm 20,6%, og hjá konum 65 ára og eldri, tæp 18%. Hlutfall þeirra sem voru undir lágtekjumörkum var lægst hjá fólki í aldurshópnum 50–64 ára.

Þeir sem bjuggu einir eða voru einir með börn voru í mun meiri hættu á að lenda fyrir neðan lágtekjumörk en þeir sem bjuggu á annars konar heimilum. Það sama gildir um þá sem bjuggu í leiguhúsnæði samanborið við þá sem bjuggu í eigin húsnæði. Þegar horft er til menntunar þeirra sem voru starfandi voru þeir sem hafa háskólapróf í minnstri hættu á að lenda undir lágtekjumörkum eða 5%.



Inngangur

Lífskjararannsókn Hagstofunnar er hluti af samræmdri lífskjararannsókn Evrópusambandsins (EU-SILC). Meginmarkmið rannsóknarinnar er að greina lágtekjuhópa og hópa sem er hætt við félagslegri einangrun. Í rannsókninni er bæði aflað upplýsinga um einstaklinga og heimili og gengið er út frá ráðstöfunartekjum heimila þegar efnahagsleg staða fólks er metin.

Við hönnun lífskjararannsóknarinnar var lagt upp með að nýta sem best kosti úrtakskannana og upplýsinga úr stjórnsýsluskrá, en sneiða jafnframt hjá göllum. Upplýsingar um tekjur eru fengnar úr skattskrá sem gefa áreiðanlegri upplýsingar um tekjur en úrtakskannanir. Aðrar upplýsingar um heimilismenn eru fengnar með símaviðtali sem gefur betri upplýsingar um þá sem búa á heimilum en opinberar skrár geta gert.

Í þessu hefti er fjallað um rannsóknirnar sem gerðar voru árin 2004 til 2009 en upplýsingar um tekjur koma úr skattskrá ársins á undan. Í skýringum aftast má sjá túlkun á aðferðum og hugtökum. Skýringarnar eru númeraðar og verður vísað í þau númer eftir því sem við á.

Svarhlutfall var 73% og svör fengust frá 8.545 einstaklingum á 4.144 heimilum árið 2009

Úrtak lífskjararannsóknarinnar 2009 var 4.144 heimili. Eftir að þeir sem látnir eru og búsettir erlendis voru dregnir frá var nettó úrtakið 3.972 heimili. Svör fengust frá 2.903 þessara heimila sem er 73% svarhlutfall. Á þessum heimilum fengust upplýsingar um 8.545 einstaklinga. Lífskjararannsóknin var framkvæmd í febrúar til apríl árið 2009.

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda og svarhlutfall

Table 1. Number of participants and response rate

	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Svarhlutfall, % Response rate, %	74	75	73	74	73	73
Heildarúrtak Total sample	3.998	4.018	4.033	4.041	4.029	4.144
Heimili utan þýðis Households out of scope	128	121	152	139	90	172
Heimili í þýði Households in scope	3.870	3.897	3.881	3.902	3.939	3.972
Heimili sem tóku þátt Households responding	2.882	2.928	2.845	2.872	2.887	2.903
Neituðu Refused	644	525	593	583	618	556
Fjarverandi Absent	282	354	381	361	376	462
Ófær um að svara Unable to respond	52	55	28	44	45	46
Annað brottfall Other nonresponse	10	35	34	42	13	5
Fjöldi heimilismanna 16 ára og eldri Household members 16 or older	6.601	6.670	6.521	6.567	6.618	6.521
Heildarfjöldi heimilismanna Total number of household members	8.793	8.840	8.598	8.655	8.644	8.545

Helstu niðurstöður

Gini-stuðullinn var 29,6 árið 2009 en var 24,1 árið 2004

Gini-stuðullinn sýnir hvernig heildartekjur samfélagsins dreifast meðal landsmanna. Gini-stuðullinn væri 100 ef allar tekjur tilheyrðu sama einstaklingi en aðrir hefðu ekkert. Stuðullinn væri 0 ef allir hefðu jafnar tekjur. Gini-stuðullinn á Íslandi hefur farið hækkandi þau sex ár sem lífskjararannsóknin hefur verið framkvæmd. Í lífskjararannsókninni 2004 var stuðullinn 24,1 en hann var kominn í 29,6 árið 2009.

Tafla 2. Gini-stuðull, fimmtungastuðull og lágtekjuhlutfallTable 2. *Gini index, income quintile share ratio and the at-risk-of-poverty rate*

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2009	
							Vik- mörk CI	Áætlaður fjöldi Estimated number
Gini-stuðull								
<i>The Gini coefficient</i>	24,1	25,1	26,3	28,0	27,3	29,6	± 1,8	309.000
Fimmtungastuðull								
<i>Income quintile share ratio</i>	3,4	3,5	3,7	3,9	3,8	4,2	± 0,3	123.600
Hlutfall undir lágtekjumörkum								
<i>The at-risk-of-poverty rate</i>	10,0	9,7	9,6	10,1	10,1	10,2	± 1,2	31.400

Skýringar Notes: Í samræmi við vinnubrögð hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, miðast ártölin í töflunni við könnunarár, það ár sem lífsskjararannsóknin er framkvæmd. Upplýsingar um tekjur koma úr skattskrár ársins á undan. According to Eurostat procedures the years of the table refer to the survey year, the year the survey was implemented. The income reference period is the previous tax year.

Tekjuhæsti fimmtungurinn var með 4,2 sinnum hærri tekjur en tekjulægsti fimmtungurinn árið 2009. Sambærileg tala fyrir árið 2004 er 3,4

Á Íslandi hækkaði fimmtungastuðullinn (skýring 9) á árunum 2004 til 2009. Hann gefur til kynna að þeir sem tilheyrðu tekjuhæsta fimmtungnum í lífsskjararannsókninni 2009 höfðu 4,2 sinnum hærri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en þeir sem tilheyrðu tekjulægsta fimmtungnum. Fimmtungastuðullinn árið 2004 var 3,4. Bæði fimmtungastuðullinn og Gini-stuðullinn segja sömu söguna og benda til þess að bilið milli þeirra tekjuhærri og þeirra tekjulægri hafi breikkað á árabílinu 2004 til 2009.


Lágtekjuhlutfall (e. *at-risk-of-poverty rate*) er það hlutfall einstaklinga á einkaheimilum sem hefur lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (skýring 5) en lágtekjumörk. Lágtekjumörk í hverju landi eru skilgreind af Evrópusambandinu sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu í landinu. Þannig eru þeir einstaklingar undir lágtekjumörkum sem hafa lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 60% af miðgildi.

Lágtekjuhlutfallið á Íslandi hefur verið stöðugt á tímabilinu 2004 til 2009, eða í kringum 10%

Árið 2009 var lágtekjuhlutfallið á Íslandi 10,2% og hefur nánast ekkert breyst frá árinu 2004. Þróunin virðist því vera á þann veg að þeir tekjuhærri hafi hækkað miðað við meðalmanninn án þess að þeir tekjulægri hafi lækkað að sama skapi.

Mynd 1. Gini-stuðullinn, evrópskur samanburður 2008

Figure 1. The Gini index, European comparison 2008



Skýringar Notes: Sjá töflu 2. Upplýsingar fyrir Króatíu eru frá árinu 2007. Cf. table 2. Information for Croatia is from 2007.

Heimild Source: Hagstofa Evrópusambandsins. Eurostat.


Ísland hafði hærri Gini- og fimmtingastuðul en aðrar Norðurlandþjóðir

Í evrópskum samanburði árið 2008 var Ísland í 10. til 11. sæti af 29 þegar löndunum er raðað frá lágsta Gini-stuðlinum til þess hæsta. Allar hinar Norðurlandþjóðirnar hafa lægri Gini-stuðul en Ísland. Í lífsskjararannsókninni 2008 var stuðullinn lægstur 23 hjá Slóvenum. Þar á eftir koma Svíar og Slóvakar.

Af töflu 17 sem sýnir alþjóðlegan samanburð fyrir árin 2004 til 2008 má sjá að Ísland hefur heldur færst niður í röðinni í samanburði við aðrar þjóðir þegar litið er á tímabilið í heild, eða úr sæti tvö til þrjú í sæti 10 til 11. Hafa ber í huga að þjóðum sem taka þátt í evrópsku lífsskjararannsókninni hefur fjölgað úr 18 í 30 á tímabilinu.

Mynd 2. Fimmtungastuðull, evrópskur samanburður 2008

Figure 2. Income quintile share ratio, European comparison 2008




Skýringar Notes: Sjá töflu 2. Upplýsingar fyrir Króatíu eru frá árinu 2007. Cf. table 2. Information for Croatia is from 2007.

Heimild Source: Hagstofa Evrópusambandsins. Eurostat.

Þegar fimmtungastuðull Íslands er borinn saman við fimmtungastuðul í öðrum löndum kemur í ljós að hann þróast á svipaðan hátt og Gini-stuðullinn (sjá töflu 18). Tekjubilið á Íslandi hefur breikkað heldur meira en annars staðar í Evrópu á tímabilinu 2004 til 2008. Tékkland, Slóvenía og Slóvakía voru með lágsta fimmtungastuðulinn árið 2008.

Mynd 3. Lágtekjuhlutfall, evrópskur samanburður 2008

Figure 3. At-risk-of-poverty rate, European comparison 2008



Skýringar Notes: Sjá töflu 2. Upplýsingar fyrir Króatíu eru frá árinu 2007. Cf. table 2. Information for Croatia is from 2007.

Heimild Source: Hagstofa Evrópusambandsins. Eurostat.

Ísland var með næst lægsta lágtekjuhlutfallið í Evrópu árið 2009

Þróunin er ekki á sama veg þegar lágtekjuhlutfallið á Íslandi er borið saman við önnur Evrópulönd. Lágtekjuhlutfallið á Íslandi er stöðugt svo og röð Íslands meðal annarra Evrópuþjóða þar sem Ísland er ávallt í fyrsta til þriðja sæti (sjá töflu 19). Þetta bendir til þess að aukinn ójöfnuður á Íslandi sé til kominn af því að hinir tekjuháu bæti við sig án þess að hinir tekjulágu dragist frekar aftur úr í samanburði við meðalmanninn.

Lágtekjuhlutfall

Miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu var 268.000 krónur fyrir einstakling sem bjó einn árið 2009

Í lífskjararannsókninni 2009 var miðgildi (skýring 2) ráðstöfunartekna á neyslueiningu 268.000 krónur á mánuði en 235.300 krónur árið áður. Þessi tala miðast við einstakling sem býr einn og má segja að hún lýsi ráðstöfunartekjum venjulegs Íslending. Heimili þar sem fleiri búa þurfa hærri tekjur til að hafa sambærileg lífskjör. Þannig þarf t.d. heimili þar sem búa tveir fullorðnir einstaklingar með tvö börn að hafa 562.800 krónur í ráðstöfunartekjur til að hafa sambærileg lífskjör og umræddur einstaklingur sem býr einn (skýring 5).

Tafla 3. Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu, tíundarhlutarTable 3. *Equivalised disposable income, percentiles*

	Á mánuði <i>Per month</i>						2009	
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	Vikmörk <i>CI</i>	Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i>
	10%	96.800	104.000	112.400	126.100	141.100	160.400	± 54300
20%	115.700	125.600	135.600	153.000	172.100	190.600	± 54000	61.800
30%	133.400	140.900	153.700	172.500	193.700	216.600	± 54300	92.700
40%	147.800	156.800	168.900	191.300	214.700	238.700	± 57500	123.600
50%	161.500	171.900	185.500	210.500	235.300	268.000	± 65400	154.500
60%	177.100	188.200	203.500	233.800	262.000	297.200	± 70500	185.400
70%	196.500	206.700	225.900	263.500	292.400	330.100	± 81000	216.300
80%	220.700	236.400	255.700	299.900	332.100	381.200	± 111500	247.200
90%	261.000	283.200	314.700	377.200	417.600	486.400	± 205600	278.100

Skýringar Notes: Hlutfallstölurnar sýna það hlutfall einstaklinga sem hafa lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en upphæðin sem gefin er. Til dæmis eru 50% einstaklinga með lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 268.000 krónur á mánuði árið 2009. The percentiles show the percentage of persons with lower income than the given amounts. For example 50% of persons have equivalised disposable income which is lower than 268,000 ISK per month in 2009.

Tafla 3 sýnir ráðstöfunartekjur á neyslueiningu skipt eftir tíundarhlutum. Á töflunni má sjá að í lífskjararannsókninni 2009 voru 10% einstaklinga með ráðstöfunartekjur á neyslueiningu sem voru lægri en 160.400 á mánuði og 90% einstaklinga voru með ráðstöfunartekjur á neyslueiningu sem voru lægri en 486.400 á mánuði.

Lágtekjumörk voru 160.800 krónur í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu árið 2009 fyrir einstakling sem bjó einn

Lágtekjumörk voru 160.800 krónur á mánuði fyrir heimili þar sem einn einstaklingur bjó eða 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu. Þeir sem bjuggu einir og höfðu lægri ráðstöfunartekjur en 160.800 krónur á mánuði voru þannig fyrir neðan lágtekjumörk samkvæmt skilgreiningunni. Samsvarandi upphæð fyrir heimili þar sem bjuggu tveir fullorðnir og tvö börn yngri en 14 ára var 337.700 krónur á mánuði (skýring 1).

Tafla 4. Lágtekjumörk, tvö dæmiTable 4. *At-risk-of-poverty threshold (illustrative values)*

Krónur á mánuði <i>ISK per month</i>	2009						
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	Vikmörk <i>CI</i>
Einn á heimili <i>One person household</i>	96.900	103.200	111.300	126.300	141.200	160.800	± 39200
Tveir fullorðnir og tvö börn <i>Two adults and two children</i>	203.500	216.700	233.800	265.200	296.400	337.700	± 82400

Skýringar Notes: Sjá töflu 2. Cf. table 2.

Lágtekjumörk eru hlutfallsleg eða afstæð samkvæmt skilgreiningu ESB

Til að áréttta það að lágtekjumörkin eru hlutfallsleg eða afstæð samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins má sjá á töflu 5 hvernig sá hópur, sem fellur fyrir neðan viðmiðunarmörkin, stækkar eða minnkar þegar mörkin eru færð til. Samkvæmt viðmiði Evrópusambandsins voru 10,2% Íslendinga undir lágtekjumörkum árið 2009. Ef lágtekjumörkin eru sett við 50% af miðgildi, líkt og Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) gerir, væru 5% fyrir neðan þau. Ef miðað væri við 70% væru 19% fyrir neðan mörkin.

Tafla 5. Hlutfall einstaklinga fyrir neðan lágtekjumörk eftir kyni og ólíkum lágtekjumörkum

Table 5. Dispersion around the at-risk-of-poverty threshold by gender and different level of thresholds

Viðmið Threshold	Hlutfall Rate						2009	
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	Vik- mörk CI	Áætlaður fjöldi Esti- mated number
	40%	2,6	2,8	2,8	2,2	2,4	2,5	± 0,6
Karlar Males	2,4	3,2	2,5	2,0	2,7	2,8	± 0,8	4.300
Konur Females	2,7	2,4	3,1	2,4	2,0	2,2	± 0,7	3.400
50%	5,5	5,1	5,3	5,0	4,5	5,0	± 0,9	15.600
Karlar Males	5,6	5,6	5,3	4,9	4,9	5,2	± 1	8.200
Konur Females	5,4	4,7	5,2	5,0	4,1	4,8	± 1	7.400
60%	10,0	9,7	9,6	10,1	10,1	10,2	± 1,2	31.400
Karlar Males	9,6	9,8	9,1	9,1	9,5	9,3	± 1,3	14.500
Konur Females	10,5	9,6	10,2	11,0	10,7	11,1	± 1,5	16.900
70%	18,5	16,7	17,2	18,0	17,3	19,0	± 1,5	58.700
Karlar Males	17,3	16,1	16,1	16,9	16,6	18,1	± 1,7	28.200
Konur Females	19,7	17,4	18,3	19,1	18,0	20,0	± 1,8	30.500

Skýringar Notes: Sjá töflu 2. Cf. table 2.

Eins og áður kom fram voru 10,2% landsmanna undir lágtekjumörkum samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins árið 2009 og verður gengið út frá sömu viðmiðunum hér. Vikmörkin í töflunni sýna þá óvissu sem mælingin hefur í för með sér þar sem um úrtakskönnun er að ræða (skýring 11).

Tafla 6. Lágtekjuhluftfall eftir aldri og kyni
Table 6. At-risk-of-poverty rate by age and gender

	Hlutfall Rate						2009	
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	Vik- mörk CI	Áætlaður fjöldi Esti- mated number
Allur aldur All ages								
Alls Total	10,0	9,7	9,6	10,1	10,1	10,2	± 1,2	31.400
Karlar Males	9,6	9,8	9,1	9,1	9,5	9,3	± 1,3	14.500
Konur Females	10,5	9,6	10,2	11,0	10,7	11,1	± 1,5	16.900
0–17 ára years								
Alls Total	11,5	10,1	11,6	11,9	11,2	9,9	± 2	7.800
Karlar Males	11,4	10,7	11,4	11,1	10,5	9,3	± 2,3	3.700
Konur Females	11,5	9,4	11,7	12,7	11,9	10,5	± 2,6	4.100
18–24 ára years								
Alls Total	16,3	16,9	12,8	11,8	12,5	15,7	± 3,4	5.100
Karlar Males	13,8	15,7	9,5	8,3	12,4	11,1	± 3,6	1.800
Konur Females	19,1	18,1	16,2	15,5	12,6	20,6	± 5,4	3.300
25–49 ára years								
Alls Total	9,5	9,3	9,1	8,8	9,0	9,7	± 1,6	10.700
Karlar Males	9,4	9,0	9,1	8,9	9,6	10,3	± 2	5.800
Konur Females	9,5	9,6	9,1	8,7	8,5	9,0	± 1,8	4.800
50–64 ára years								
Alls Total	4,5	5,8	4,2	5,5	5,9	6,6	± 1,7	3.400
Karlar Males	4,4	7,1	4,3	5,9	6,2	7,9	± 2,5	2.100
Konur Females	4,7	4,5	4,1	5,0	5,6	5,3	± 1,9	1.400
65 og eldri and over								
Alls Total	10,3	9,2	11,8	15,1	15,0	12,4	± 3	4.400
Karlar Males	8,8	8,6	10,0	11,0	9,5	6,1	± 3,2	1.000
Konur Females	11,7	9,8	13,5	18,8	19,7	17,9	± 4,5	3.400
18 og eldri and over								
Alls Total	10,0	9,8	9,4	9,4	9,5	9,9	± 1,3	27.000
Karlar Males	9,7	10,0	9,0	8,9	9,5	9,6	± 1,4	13.500
Konur Females	10,3	9,6	9,8	10,0	9,4	10,1	± 1,5	13.500
18–64 ára years								
Alls Total	9,3	9,6	8,4	8,4	8,8	9,9	± 1,2	19.200
Karlar Males	8,9	9,6	7,9	8,0	9,1	9,8	± 1,5	9.800
Konur Females	9,8	9,6	8,9	8,8	8,4	9,9	± 1,5	9.500
0–64 ára years								
Alls Total	9,5	9,6	8,9	9,4	9,7	10,2	± 1,2	23.600
Karlar Males	8,9	9,5	8,2	8,4	9,2	9,3	± 1,4	10.800
Konur Females	10,1	9,6	9,6	10,5	10,2	11,3	± 1,5	12.800

Skýringar Notes: Sjá töflu 2. Cf. table 2.

Konur á aldrinum 18–24 eru líklegastar til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk þegar litið er til aldurs og kyns

Þegar litið er til kyns og aldurs eru konur 18–24 ára sá hópur sem hefur mesta tilhneigingu til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk árið 2009 eða 20,6%. Konur í elsta aldurshópnum hafa einnig mikla tilhneigingu til að vera fyrir neðan lágtekjumörkin og er mikill munur milli kynja í þessum aldurshópi. Hlutfall þeirra sem var undir lágtekjumörkum var lægst í aldurshópnum 50–64 ára árið 2009.

Þegar ellilífeyrir, örorkubætur og ekknaþætur eru taldar með ráðstöfunartekjum (tafla 7) en aðrar félagslegar greiðslur undanskildar (skýring 3) voru 19,7% undir lágtekjumörkum. Í elsta hópnum, 65 ára og eldri, voru 16,7% fyrir neðan lágtekjumörk.

Tafla 7. Lágtekjuhlutfall að meðöldum ellilífeyri, örorkubótum og ekknaþótum en án annarra félagslegra greiðslna

Table 7. *At-risk-of-poverty rate before social transfers except old-age and survivors benefits*

	Hlutfall <i>Rate</i>						2006	
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	Vik- mörk <i>CI</i>	Áætlaður fjöldi Esti- mated <i>number</i>
Allur aldur <i>All ages</i>								
Alls <i>Total</i>	19,1	19,5	18,5	18,1	19,0	19,7	± 1,4	60.900
Karlar <i>Males</i>	18,2	19,4	17,6	16,9	18,4	18,5	± 1,6	28.900
Konur <i>Females</i>	20,0	19,6	19,3	19,4	19,7	20,9	± 1,7	31.900
0–17 ára <i>years</i>								
Alls <i>Total</i>	24,0	23,4	22,8	23,1	24,6	24,9	± 2,6	19.600
Karlar <i>Males</i>	23,9	24,4	23,4	23,0	25,8	25,1	± 3,2	10.100
Konur <i>Females</i>	24,0	22,4	22,3	23,2	23,4	24,6	± 3,4	9.500
18 og eldri <i>and over</i>								
Alls <i>Total</i>	17,2	18,0	16,8	16,4	17,1	17,9	± 1,3	41.300
Karlar <i>Males</i>	16,0	17,4	15,5	14,7	15,7	16,2	± 1,6	18.900
Konur <i>Females</i>	18,4	18,5	18,2	18,1	18,4	19,7	± 1,6	22.400
18–64 ára <i>years</i>								
Alls <i>Total</i>	17,5	18,7	16,7	15,6	16,5	18,2	± 1,4	35.400
Karlar <i>Males</i>	16,5	18,2	15,4	14,4	15,9	17,1	± 1,7	17.000
Konur <i>Females</i>	18,7	19,3	18,0	16,9	17,2	19,3	± 1,7	18.300
65 og eldri <i>and over</i>								
Alls <i>Total</i>	15,3	13,8	17,6	20,5	20,1	16,7	± 3,4	5.900
Karlar <i>Males</i>	13,0	12,8	15,7	16,4	14,9	11,1	± 3,9	1.800
Konur <i>Females</i>	17,3	14,8	19,3	24,1	24,6	21,7	± 4,7	4.100

Skýringar *Notes*: Sjá töflu 2. *Cf. table 2.*

Greiðslur úr félagslega kerfinu skipta miklu máli fyrir elsta aldurshópinn

Þegar öllum félagslegum greiðslum er sleppt sést veruleg breyting á høgum elsta aldurs-
hópsins, því að 71,6% af þeim sem voru 65 ára og eldri falla þá undir lágtekjumörkin
árið 2009. Greiðslur úr almannatrygginga- og lífeyrissjóðakerfinu skipta því verulegu
máli fyrir þennan aldurshóp.

Tafla 8. Lágtekjuhluftall þegar öllum félagslegum greiðslum er sleppt

Table 8. *At-risk-of-poverty rate before social transfers*

	Hlutfall <i>Rate</i>						2006	
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	Vik- mörk <i>CI</i>	Áætlaður fjöldi <i>Esti- mated number</i>
Allur aldur <i>All ages</i>								
Alls <i>Total</i>	28,6	28,4	27,0	26,1	26,9	27,4	± 1,5	84.500
Karlar <i>Males</i>	26,4	27,3	25,5	24,0	25,5	25,4	± 1,7	39.600
Konur <i>Females</i>	30,7	29,4	28,6	28,3	28,3	29,4	± 1,8	44.900
0–17 ára <i>years</i>								
Alls <i>Total</i>	25,6	24,5	24,3	24,0	25,5	25,6	± 2,6	20.200
Karlar <i>Males</i>	25,1	25,6	24,8	23,9	26,5	25,8	± 3,2	10.400
Konur <i>Females</i>	26,1	23,3	23,8	24,1	24,4	25,3	± 3,4	9.800
18 og eldri <i>and over</i>								
Alls <i>Total</i>	29,7	29,9	28,1	26,9	27,4	28,0	± 1,5	64.400
Karlar <i>Males</i>	27,0	28,0	25,8	24,1	25,1	25,2	± 1,8	29.300
Konur <i>Females</i>	32,4	31,7	30,4	29,8	29,6	30,8	± 1,8	35.100
18–64 ára <i>years</i>								
Alls <i>Total</i>	20,2	20,6	18,6	17,4	18,3	20,0	± 1,5	39.000
Karlar <i>Males</i>	18,4	19,9	17,2	15,7	17,3	18,5	± 1,8	18.400
Konur <i>Females</i>	22,1	21,4	20,0	19,1	19,3	21,7	± 1,8	20.600
65 og eldri <i>and over</i>								
Alls <i>Total</i>	82,5	81,2	81,0	80,0	78,4	71,6	± 3,8	25.300
Karlar <i>Males</i>	78,9	76,8	76,2	74,6	74,0	65,4	± 5	10.800
Konur <i>Females</i>	85,6	85,0	85,4	84,7	82,2	77,0	± 4	14.500

Skýringar *Notes: Sjá töflu 2. Cf. table 2.*

Peir sem eru án vinnu eru líklegri en aðrir til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk

Hlutfall fólks undir lágtekjumörkum var 17,3% meðal þeirra sem ekki voru í vinnu en 7,7% meðal starfandi fólks í lífshjararannsókninni 2009. Af þeim sem voru atvinnulausir voru 29,3% fyrir neðan lágtekjumörk. Vegna þess hversu fáir einstaklingar eru á bak við mælinguna á atvinnuleysi eru vikmörkin víð og endurspeglar það hversu hópurinn er viðkvæmur fyrir sveiflum.

Tafla 9. Lágtekjuhlutfall eftir stöðu á vinnumarkaði og kyni

Table 9. *At-risk-of-poverty rate by most frequent activity status and gender*

	Hlutfall Rate						2009	
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	Vik- mörk CI	Áætlaður fjöldi Esti- mated number
Heildarfjöldi Total								
Alls Total	9,4	9,4	8,9	9,3	9,5	9,9	± 1,2	22.300
Karlar Males	8,9	9,3	8,2	8,4	9,0	8,8	± 1,4	10.000
Konur Females	10,0	9,5	9,5	10,3	10,1	11,0	± 1,5	12.300
Starfandi Employed								
Alls Total	6,9	7,9	6,6	7,0	6,7	7,7	± 1,1	13.100
Karlar Males	7,2	8,5	6,9	6,9	7,0	7,4	± 1,3	6.700
Konur Females	6,7	7,3	6,2	7,1	6,4	8,0	± 1,5	6.500
Ekki í vinnu Not at work								
Alls Total	16,1	13,9	16,2	17,3	18,8	17,3	± 2,8	9.100
Karlar Males	14,8	12,7	14,0	15,3	17,7	14,7	± 3,9	3.300
Konur Females	16,9	14,8	17,7	18,5	19,5	19,2	± 3,6	5.800
Atvinnulausir Unemployed								
Alls Total	27,1	26,1	13,8	20,6	25,1	29,3	± 13,1	900
Karlar Males	30,2	15,2	16,8	8,0	27,2	31,6	± 18,9	500
Konur Females	23,8	34,9	11,0	28,7	22,0	26,6	± 16,9	400
Á eftirlaunum Retired								
Alls Total	11,9	10,3	11,8	16,3	18,1	14,9	± 3,4	4.900
Karlar Males	9,2	9,5	10,3	14,0	13,6	10,6	± 4,7	1.400
Konur Females	14,0	10,8	12,8	17,8	21,3	17,9	± 4,4	3.500
Aðrir utan vinnu Other inactive								
Alls Total	20,5	19,0	24,3	18,8	19,3	19,8	± 4,8	3.300
Karlar Males	21,3	18,3	21,3	18,5	24,3	18,5	± 6,3	1.400
Konur Females	20,0	19,4	25,9	19,0	16,0	20,8	± 6,3	2.000

Skýringar Notes: Sjá töflu 2. Cf. table 2.

Tafla 10. Lágtekjuhluftfall eftir vinnuhluftfalli á heimili*Table 10. At-risk-of-poverty rate by work intensity of the household*

	Hlutfall <i>Rate</i>						2009	
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	Vik- mörk <i>CI</i>	Áætlaður fjöldi Esti- mated <i>number</i>
Heimili án barna								
<i>Households without children</i>								
0%	26,9	16,1	11,5	20,9	23,1	25,1	± 11,1	1.300
1%–99%	12,5	14,6	10,0	9,9	15,5	16,9	± 4,5	4.600
100%	4,9	8,0	4,5	4,9	4,8	6,7	± 2,1	3.600
Heimili með börnum								
<i>Households with children</i>								
0%	43,1	17,2	38,2	25,3	25,5	21,2	± 22	400
1%–49%	32,7	24,8	48,5	31,1	44,1	41,3	± 21,3	1.200
50%–99%	11,6	10,1	12,4	13,2	12,2	13,7	± 3,4	7.800
100%	6,9	7,1	7,0	6,8	6,6	4,9	± 1,5	6.300

Skýringar *Notes:* Sjá töflu 2. *Cf. table 2.*

Vinnuhlutfall heimilis hefur mikil áhrif á það hvort einstaklingarnir sem þar búa lenda undir lágtekjumörkum

Tafla 10 sýnir heimili greind eftir vinnuhlutfalli. Vinnuhlutfallið er reiknað þannig að fjölda mánaða innan ársins sem fullorðnir einstaklingar á hverju heimili voru í vinnu er deilt með 12 eða heildarfjölda mánaða hvers árs. Sem dæmi má nefna heimili með tveimur fullorðnum einstaklingum (skýring 8). Ef báðir voru í vinnu 12 mánuði ársins þá er hlutfallið $(12 + 12) / (12 + 12) * 100$ eða 100%. Ef annar einstaklingurinn hefur verið án vinnu helming ársins en hinn vinnandi allt árið þá er hlutfallið $(6 + 12) / (12 + 12) * 100 = 75\%$.

Vinnuhlutfall á heimili er greint eftir því hvort börn eru á heimilinu eða ekki. Ef lítið er á heimili án barna kemur í ljós að eftir því sem vinnuhlutfallið er lægra, þeim mun líklegra er að heimilið lendi fyrir neðan lágtekjumörk.

Tafla 11. Lágtekjuhluftfall eftir fullu starfi eða hlutastarfi og kyni

Table 11. *At-risk-of-poverty rate by full time or part time work and gender*

							2009	
	Hlutfall Rate						Vik-	Áætlaður
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	mörk CI	fjöldi Esti- mated number
Heildarfjöldi Total								
Alls Total	6,4	7,2	5,9	6,0	5,5	6,2	± 1,1	8.900
Karlar Males	6,6	7,7	6,6	6,3	6,0	6,1	± 1,3	4.700
Konur Females	6,2	6,5	5,0	5,6	4,9	6,3	± 1,5	4.200
Fullt starf Full-time								
Alls Total	6,0	6,6	5,7	6,0	5,2	5,8	± 1,1	7.100
Karlar Males	6,4	7,1	6,5	6,3	5,8	5,2	± 1,2	3.800
Konur Females	5,4	5,7	4,4	5,5	4,4	6,5	± 1,8	3.300
Hlutastarf Part-time								
Alls Total	8,1	9,3	7,1	6,3	7,6	8,9	± 3	1.800
Karlar Males	9,0	13,6	8,3	7,7	10,9	18,7	± 9	1.000
Konur Females	7,8	8,1	6,8	6,0	6,7	5,6	± 2,3	900

Skýringar Notes: Sjá töflu 2. Cf. table 2.

Karlar í hlutastarfi eru líklegri en konur í hlutastarfi til að lenda fyrir neðan lágtekjumörkin

Þegar fólk í hlutastarfi og fólk í fullu starfi er skoðað sést að karlar í hlutastarfi eru líklegri en konur í hlutastarfi til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk árið 2009.

Tölurnar í töflum 9 og 11 eru í samræmi við skilgreiningar Evrópusambandsins. Ekki er fullkomið samræmi í tölum taflanna og skýrist það af því að skilgreiningarnar á hugtakinu starfandi eru ólíkar í töflunum. Í töflu 9 eru starfandi þeir sem eru 18 ára og eldri og segjast hafa verið meira en helming ársins í fullu starfi eða hlutastarfi. Í töflu 11 eru í fullu starfi þeir sem líta aðallega á sig sem starfandi í fullu starfi á þeim tíma sem viðtalið var tekið, í byrjun könnunarárs. Í hlutastarfi eru þeir sem líta aðallega á sig sem starfandi í hlutastarfi á þeim tíma sem viðtalið var tekið.

Tafla 12. Lágtekjuhlutfall eftir menntun og kyni*Table 12. At-risk-of-poverty rate by education and gender*

							2009	
	Hlutfall Rate						Vik-	Áætlaður
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	mörk CI	fjöldi Esti- mated number
Heildarfjöldi Total								
Alls Total	7,0	7,9	6,5	6,9	6,7	7,6	± 1,1	13.100
Karlar Males	7,2	8,5	6,9	6,8	6,9	7,3	± 1,3	6.600
Konur Females	6,8	7,3	6,1	7,0	6,5	8,0	± 1,5	6.500
Grunnskóli Primary education								
Alls Total	9,7	9,6	8,7	7,6	7,2	9,4	± 2,2	4.600
Karlar Males	10,8	11,4	9,7	7,0	7,3	9,4	± 2,8	2.400
Konur Females	8,6	7,8	7,7	8,3	7,0	9,4	± 2,9	2.200
Framhaldsskóli Secondary education								
Alls Total	6,9	8,5	6,8	8,0	8,3	8,2	± 1,7	6.000
Karlar Males	6,7	8,6	6,6	7,6	7,8	6,9	± 1,9	2.900
Konur Females	7,3	8,4	7,1	8,6	9,0	10,2	± 2,8	3.100
Háskóli University								
Alls Total	2,7	4,4	3,1	4,4	4,0	5,0	± 1,6	2.500
Karlar Males	2,3	3,8	3,4	4,8	4,9	5,7	± 2,3	1.300
Konur Females	3,1	5,0	2,9	4,0	3,4	4,4	± 1,9	1.200

Skýringar Notes: Taflan inniheldur eingöngu fólk sem er starfandi. *Only those who are working are included in table 12.*

Þeir sem eru með háskólapróf eru í minnstri hættu á að lenda undir lágtekjumörkum

Þeir sem eru með háskólapróf eru í minnstri hættu á að lenda undir lágtekjumörkum eða 5%. Hlutfallslega fleiri konur en karlar með framhaldsskólapróf eru undir lágtekjumörkum. Taflan inniheldur eingöngu þá sem eru starfandi.

Tiltölulega hátt hlutfall leigjenda var undir lágtekjumörkum

Leigjendur voru í mun meiri hættu en húseigendur á að lenda fyrir neðan lágtekjumörk en 26,3% þeirra voru undir lágtekjumörkum í lífshjúðarannsókninni 2009 en 7,5% húseigenda.

Tafla 13. Lágtekjuhlutfall eftir eigin húsnæði og leiguhúsnæði*Table 13. At-risk-of-poverty rate by accommodation tenure status*

							2009	
	Hlutfall Rate						Vik-	Áætlaður
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	mörk CI	fjöldi Esti- mated number
Alls Total								
Eigandi eða leigir frítt Owner or rent free	10,0	9,7	9,6	10,1	10,1	10,2	± 1,2	31.400
Leigjandi Tenant	8,6	7,8	8,3	9,1	7,8	7,5	± 1,1	19.700
Leigjandi Tenant	19,3	23,1	18,7	17,3	25,5	26,3	± 4,6	11.600

Skýringar Notes: Sjá töflu 2. Cf. table 2.

Peim sem búa einir eða eru einir með börn er hættara en öðrum á að lenda fyrir neðan lágtekjumörk

Almennt má segja að þeir sem búa einir eða eru einir með börn séu í mestri hættu á að lenda undir lágtekjumörkum. Konur sem búa einar eru líklegastar til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk, 33,2. Þar á eftir eru þeir sem búa einir og eru 65 ára eða eldri, 31%, og karlar sem búa einir, 26,1%. Vikmörk eru víð í þessum hópum vegna fámennis en það veldur því að ekki er tölfræðilega marktækur munur á milli ára (skýring 11).

Tafla 14. Lágtekjuhluutfall einstaklinga eftir heimilisgerð

Table 14. At-risk-of-poverty rate of persons by household type

	Hlutfall Rate						2009	
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	Vik- mörk CI	Áætl. fjöldi Esti- mated no.
Heimili án barna								
<i>Households without dependent children</i>	10,2	11,2	8,9	10,9	11,6	13,2	± 1,9	15.500
Einn á heimili, undir 65								
<i>One person household, under 65 years</i>	20,9	24,2	12,6	17,7	20,7	26,1	± 5,3	6.900
Einn á heimili, 65 og eldri								
<i>One person household, 65 years and over</i>	24,3	22,6	27,6	43,0	35,8	31,0	± 7,5	3.600
Ein á heimili, kona								
<i>One person household, female</i>	24,0	22,9	19,5	31,3	28,6	33,2	± 6,4	6.000
Einn á heimili, karl								
<i>One person household, male</i>	20,4	24,4	15,6	21,5	22,8	22,7	± 5,7	4.600
Tveir fullorðnir undir 65, engin börn								
<i>Two adults under 65 years, no children</i>	8,1	9,7	6,8	7,0	6,8	9,5	± 2,9	3.700
2 fullorðnir, a.m.k. annar yfir 65, engin börn								
<i>2 adults, at least one 65+ years, no children</i>	3,0	2,3	3,6	2,3	5,0	2,7	± 1,9	600
Önnur barnlaus heimili								
<i>Other no dependent children</i>	1,8	3,0	4,6	2,2	3,7	4,1	± 3	700
Heimili með börn								
<i>Households with dependent children</i>	10,0	8,9	10,0	9,6	9,1	8,3	± 1,5	15.800
Einstætt foreldri með barn eða börn								
<i>Single parent, one or more dependent child</i>	21,9	14,7	27,0	23,3	28,0	22,8	± 7,3	4.900
Tveir fullorðnir með 1 barn								
<i>Two adults, 1 dependent child</i>	7,5	7,6	9,7	6,3	6,0	5,8	± 2,4	2.600
Tveir fullorðnir með 2 börn								
<i>Two adults, 2 dependent children</i>	7,2	8,3	6,1	7,3	3,8	4,2	± 2	2.300
Tveir fullorðnir með 3 börn eða fleiri								
<i>Two adults, 3 or more dependent children</i>	12,1	10,9	10,2	12,1	12,9	10,3	± 3,6	4.600
Önnur heimili með börn								
<i>Other households with dependent children</i>	6,7	4,4	5,3	5,5	4,2	5,5	± 3	1.400

Skýringar Notes: Sjá töflu 2. Cf. table 2.

Tafla 15. Hlutfall lífeyristekna 65–74 ára af tekjum vinnandi fólks 50–59 ára
 Table 15. *Ratio of pension income of retired people 65–74 years old and income from working people 50–59 years old*

	Hlutfall <i>Ratio</i>						Vikmörk <i>CI</i>
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2009
Alls <i>Total</i>	0,48	0,48	0,44	0,43	0,44	0,45	± 0,03
Karlar <i>Males</i>	0,42	0,45	0,40	0,43	0,41	0,43	± 0,03
Konur <i>Females</i>	0,55	0,57	0,50	0,47	0,51	0,52	± 0,04

Skýringar *Notes:* Aldurshópur lífeyrisþega er 65–74 ára og aldurshópur þeirra vinnandi er 50–59 ára. Þetta er sama aldurskipting og Evrópusambandið birtir í sínum töflum. *The age of pensioners is 65 to 74 and the age of working people in the table is 50 to 59. These age groups are comparable to what Eurostat publishes.*

Miðgildi lífeyristekna þeirra sem voru hættir á vinnumarkaði voru 45% af miðgildi atvinnutekna fólks á aldrinum 50–59 ára

Þegar miðgildi vinnutekna þeirra sem eru í vinnu á aldrinum 50–59 ára er borið saman við miðgildi lífeyristekna þeirra sem eru hættir á vinnumarkaði og eru á aldrinum 65–74 ára má fá vísbendingu um hversu mikið tekjur rýrna við það að hætta á vinnumarkaði. Aðrir tekjustofnar en launatekjur og lífeyrisgreiðslur eru ekki teknir með í reikninginn. Í lífskjararannsókninni 2009 var miðgildi lífeyristekna þeirra sem hættir voru á vinnumarkaði 45% af miðgildi atvinnutekna fólks, 50–59 ára. Karlar virðast lækka hlutfallslega meira í tekjum en konur við það að hætta á vinnumarkaði.

Tafla 16. Heildartekjur 65 ára og eldri sem hlutfall heildartekna þeirra sem eru 45–54 ára

Table 16. *Ratio of total income of persons 65 and older to the total income of persons 45–54 years old*

	Hlutfall <i>Ratio</i>						Vikmörk <i>CI</i>
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2009
Alls <i>Total</i>	0,68	0,71	0,70	0,68	0,71	0,81	± 0,12
Karlar <i>Males</i>	0,72	0,75	0,73	0,72	0,77	0,88	± 0,14
Konur <i>Females</i>	0,66	0,68	0,67	0,66	0,68	0,76	± 0,12

Skýringar *Notes:* Sjá töflu 2. *Cf. table 2.*

Miðgildi lífeyristekna ráðstöfunartekna á neyslueiningu hjá þeim sem eru 65 ára og eldru eru 81% af sambærilegum tekjum þeirra sem eru 45–54 ára

Þegar miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu hjá þeim sem eru 65 ára og eldri er borið saman við miðgildi sambærilegra tekna þeirra sem eru 45–54 ára kemur í ljós að eldri hópurinn er með 81% af tekjum þeirra yngri árið 2009. Þegar kynin eru borin saman kemur í ljós að karlar halda sínum tekjum betur en konur því eldri hópurinn meðal karla er með 88% af því sem yngri hópurinn hefur á meðan sambærilegt hlutfall hjá konum er 76%. Hafa skal í huga að hluti eldri hópsins í töflu 16 er í vinnu en í töflu 15 er eldri hópurinn eingöngu lífeyrisþegar.

Skýringar og hugtök

1. *Lágtekjuhlutfall og lágtekjumörk* Lágtekjuhlutfall (e. *at-risk-of-poverty rate*) er það hlutfall (%) einstaklinga á einkaheimilum sem hefur lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (skýring 5) en lágtekjumörk. Lágtekjumörk í hverju landi eru skilgreind af Evrópusambandinu sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu í landinu. Þannig eru þeir einstaklingar undir lágtekjumörkum sem hafa lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu á Íslandi.
2. *Miðgildi* Miðgildi (e. *median*) er sú tala sem lendir í miðjunni þegar öllum einstaklingunum í talnasafni er raðað frá þeim lægsta til þess hæsta. Tilgangurinn er að gefa mynd af meðalmanninum. Miðgildið er oft notað frekar en meðaltalið þegar unnið er með tekjur fólks því einstaklingar sem hafa mjög háar tekjur geta haft mikil áhrif á meðaltalið.
3. *Félagslegar greiðslur* Undir félagslegar greiðslur (e. *social transfers*) falla ellilífeyrir, eftirlifendabætur, atvinnuleysisbætur, veikindagreiðslur, örorkulífeyrir, barnabætur, fæðingarstyrkur, feðra- og mæðralaun Tryggingastofnunar ríkisins, húsaleigubætur, vaxtabætur og styrkir, svo og bætur frá sveitarfélögum.
4. *Ráðstöfunartekjur* Ráðstöfunartekjur (e. *disposable income*) eru heildartekjur heimilisins eftir skatta að meðtöldum félagslegum greiðslum (skýring 3). Samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins telst hagnaður af sölu hlutabréfa og verðbréfa ekki til ráðstöfunartekna í þessari rannsókn. Aðrar fjármagnstekjur, svo sem vaxtatekjur og arður af hlutabréfum, teljast hins vegar til ráðstöfunartekna.
5. *Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu* Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (e. *equivalised disposable income*) eru skilgreindar sem ráðstöfunartekjur eftir að tillit hefur verið tekið til heimilisstærðar og þeirrar hagkvæmni í rekstri heimilisins sem fæst við það að fleiri en einn búa undir sama þaki. Einnig er gert ráð fyrir því að útgjöld vegna barna séu lægri en útgjöld vegna fullorðinna. Til að taka mið af þessu er notaður kvarði frá Evrópusambandinu sem gefur fyrsta fullorðna einstaklingnum á heimilinu vogina 1,0. Aðrir einstaklingar 14 ára og eldri fá vogina 0,5 og einstaklingar yngri en 14 ára fá vogina 0,3. Þannig má segja að hjón með tvö börn, yngri en 14 ára, sem hafa 500 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur alls á mánuði hafi $(500 / (1 + 0,5 + 0,3 + 0,3)) = 500 / 2,1 = 238$ þúsund krónur í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu.
6. *Lágtekjuhlutfall greint eftir ákveðnum breytum* Lágtekjuhlutfall er greint eftir kyni, aldri, stöðu á vinnumarkaði, heimilisgerð og fleiri breytum. Stuðlarnir eru reiknaðir sem hlutfall (%) í hverjum flokki sem hefur ráðstöfunartekjur á neyslueiningu fyrir neðan lágtekjumörkin deilt með heildarfjölda í sama flokki. Ávallt er miðað við sömu lágtekjumörkin, þ.e. þau sem reiknuð eru af heildarfjöldanum.
7. *Staða á vinnumarkaði* Staða á vinnumarkaði (e. *the most frequent activity status*) er sú staða sem svarandi segist hafa haft meira en helming ársins.
8. *Börn og fullorðnir á heimili* Til barna á heimili (e. *dependent children*) heyra allir þeir sem eru undir 18 ára aldri og þeir sem eru 18–24 ára, eru án vinnu og búa hjá að minnsta kosti öðru foreldri. Fullorðnir teljast þeir sem ekki falla undir skilgreininguna um börn.
9. *Fimmtungastuðull, S80/S20* Fimmtungastuðull (e. *income quintile share ratio*) mælir hlutfallið milli heildarsummu þeirra ráðstöfunartekna á neyslueiningu sem 20% tekjuhæstu einstaklingarnir fá og sambærilegra tekna þeirra 20% tekjulægstu.

10. *Gini-stuðullinn* Gini-stuðullinn (e. *Gini-index*) mælir í einni tölu milli 0 og 100 hvernig samanlagðar tekjur allra einstaklinga í landinu dreifast. Hann væri 100 ef sami einstaklingur hefði allar tekjurnar en 0 ef allir hefðu jafnar tekjur.
11. *Vikmörk* Lífskjararannsóknin byggist á úrtaki og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðum. Til að meta óvissuna eru reiknuð vikmörk (e. *confidence interval*) fyrir niðurstöður rannsóknarinnar. Vikmörkin ná jafnlangt upp fyrir og niður fyrir töluna og eru lögð við töluna og dregin frá henni. Ef metin lágtekjumörk eru 10% og vikmörkin $\pm 1,2$ eru neðri mörkin 8,8 og efri mörkin 11,2. Miðað er við 95% öryggismörk og því má fullyrða að í 95% tilvika lendi niðurstaðan innan þeirra vikmarka sem gefin eru. Þegar tvær tölur eru bornar saman til að athuga hvort munurinn á þeim sé nægjanlega mikill til að teljast tölfræðilega marktækur þarf að athuga hvort vikmörk beggja talna skarist.
12. *Hagnaður eða tap af sölu hlutabréfa* Hagnaður eða tap af sölu hlutabréfa telst ekki til ráðstöfunartekna (eða tekjuskerðingar) heimila eins og þær eru skilgreindar af Evrópusambandinu. Hlutabréf gætu til dæmis hafa verið keypt fyrir 20 árum en verið seld með miklum hagnaði á því ári sem könnunin nær til og skilað sér í hárrí upphæð inn á bankareikning viðkomandi. Eignin hefur myndast yfir 20 ára tímabil og gæti þess vegna hafa rýrnað á því ári sem könnunin mælir. Að sama skapi gæti fólk losað mikið fé með því að selja fasteign og hagnaður af slíkri sölu gæti verið umtalsverður ef tekið er mið af þróun undanfarinna ára á fasteignamarkaði. Slíkur gjörningur hefur þó ekki áhrif á ráðstöfunartekjur heimila eins og þær eru skilgreindar af Evrópusambandinu. Bent hefur verið á að um mjög háar upphæðir getur verið að ræða sem gætu haft mikil áhrif á bæði Gini-stuðullinn og fimmtungastuðullinn. Hins vegar er mikilvægt að halda samræmi við önnur lönd svo að gögnin verði samanburðarhæf.
13. *Könnunarár og tekjuár* Sú breyting hefur orðið frá fyrri útgáfum að nú miðast ártal í töflum við könnunarár, það ár sem lífskjararannsóknin er framkvæmd, í samræmi við framsetningu hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat. Upplýsingar um tekjur eru úr skattskrá ársins á undan.

English summary

The Gini-index, which shows the distribution of disposable income among people in private households in Iceland, was 29.6 in 2009. The index would be 100 if one person had all the income of the country but 0 if everyone received equal income. The Gini-index has been growing every year from 2004 when it was 24.1.

When the 20% of persons receiving the highest disposable income are compared to the 20% with the lowest disposable income (quintile share ratio) it can be seen that the highest income group has 4.2 times higher income than the lowest income group. The quintile share ratio has developed in a similar way as the Gini-index over the period between 2004 and 2009, going from 3.4 in 2004 to 4.2 in 2009.

Out of 29 European nations, Iceland ranked 10 to 11 when the nations were ordered from the lowest Gini-index to the highest. Iceland was 9 to 10 out of 29 when the quintile share ratio of the nations was ranked the same way. The latest data for the European comparison is from 2008 as information on other countries were not available for 2009.

Out of 29 nations in 2008, Iceland had the second lowest at-risk-of-poverty rate. The trend of this index differs from the other two since Iceland has consistently been among the lowest of the 29 European nations. This development might indicate that during the period 2004 to 2008 the income distribution in Iceland has become more unequal as those with the highest income have been increasing their income at a higher rate than the average person while those with the lowest income seem to be in a similar position relative to the median.

In the years 2004 to 2009 10% of the population living in private households was at risk of poverty according to the EU-SILC definition. The at-risk-of-poverty threshold, set at 60% of median equivalised disposable income, was 160,800 ISK for persons living alone in 2009 and 337,700 ISK for two adults with two children. For age and gender the rate below the poverty threshold in the year 2009 is highest for women, age 18 to 24 or just over 20% and with women 65 and older, just below 18%. The rate below the threshold was lowest with people 50 to 64 years old.

Persons with a university degree are at lower risk of poverty than those with primary or secondary education, or 5%. The at-risk-of-poverty rate for persons with primary or secondary education was 9.4% and 8.2% respectively.

A relatively high proportion of single people, with or without children, are below the poverty threshold compared to other household types. The same can be said about those who rent their apartments compared to home owners.

Tafla 17 Gini–stuðullinn, evrópskur samanburður 2004–2008Table 17. *The Gini index, European comparison 2004–2008*

	2004		2005		2006		2007		2008	
	Stuðull <i>Coeffic.</i>	Röð <i>Rank</i>	Stuðull <i>Coeffic.</i>	Röð <i>Rank</i>	Stuðull <i>Coeffic.</i>	Röð <i>Rank</i>	Stuðull <i>Coeffic.</i>	Röð <i>Rank</i>	Stuðull <i>Coeffic.</i>	Röð <i>Rank</i>
Austurríki <i>Austria</i>	26	(6–9)	26	(6–11)	25	(4–5)	26	(7–12)	26	(8–9)
Belgía <i>Belgium</i>	26	(6–9)	28	(14–17)	28	(12–15)	26	(7–12)	28	(12–16)
Bretland <i>United Kingdom</i>	34	(25–26)	32	(20–22)	33	(23–24)	34	(24–25)
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	26	(6–9)	25	(4–5)	31	(18–19)	35	(27–28)	36	(26–28)
Danmörk <i>Denmark</i>	24	(2–3)	24	(2–3)	24	(1–3)	25	(5–6)	25	(4–7)
Eistland <i>Estonia</i>	37	(17)	34	(25–26)	33	(23–26)	33	(23–24)	31	(19–21)
Finnland <i>Finland</i>	25	(4–5)	26	(6–11)	26	(6–8)	26	(7–12)	26	(8–9)
Frakkland <i>France</i>	28	(10)	28	(14–17)	27	(9–11)	26	(7–12)	28	(12–16)
Grikkland <i>Greece</i>	33	(15–16)	33	(23–24)	34	(27)	34	(25–26)	33	(23)
Holland <i>Netherlands</i>	27	(12–13)	26	(6–8)	28	(14–15)	28	(12–16)
Írland <i>Ireland</i>	32	(14)	32	(21–22)	32	(20–22)	31	(19–20)	30	(17–18)
Ísland <i>Iceland</i>	24	(2–3)	25	(4–5)	26	(6–8)	28	(14–15)	27	(10–11)
Ítalía <i>Italy</i>	33	(15–16)	33	(23–24)	32	(20–22)	32	(21–22)	31	(19–21)
Krótía <i>Croatia</i>	30	(11)	30	(19)	28	(12–15)	29	(16)
Kýpur <i>Cyprus</i>	29	(18)	29	(16)	30	(17–18)	28	(12–16)
Lettland <i>Latvia</i>	36	(27–29)	39	(30)	35	(27–28)	38	(29)
Litháen <i>Lithuania</i>	36	(27–29)	35	(28)	34	(25–26)	34	(24–25)
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	26	(6–9)	26	(6–11)	28	(12–15)	27	(13)	28	(12–16)
Malta <i>Malta</i>	27	(12–13)	27	(9–11)	26	(7–12)	27	(10–11)
Noregur <i>Norway</i>	25	(4–5)	28	(14–17)	30	(17)	24	(3–4)	25	(4–7)
Portúgal <i>Portugal</i>	38	(18)	38	(30)	38	(29)	37	(29)	36	(26–28)
Pólland <i>Poland</i>	36	(27–29)	33	(23–26)	32	(21–22)	32	(22)
Rúmenía <i>Romania</i>	31	(12–13)	31	(20)	33	(23–26)	38	(30)	36	(26–28)
Slóvakía <i>Slovakia</i>	26	(6–11)	28	(12–15)	24	(3–4)	24	(2–3)
Slóvenía <i>Slovenia</i>	24	(2–3)	24	(1–3)	23	(1–2)	23	(1)
Spánn <i>Spain</i>	31	(12–13)	32	(21–22)	31	(18–19)	31	(19–20)	31	(19–21)
Svíþjóð <i>Sweden</i>	23	(1)	23	(1)	24	(1–3)	23	(1–2)	24	(2–3)
Tékkland <i>Czech Republic</i>	26	(6–11)	25	(4–5)	25	(5–6)	25	(4–7)
Ungverjaland <i>Hungary</i>	28	(14–17)	33	(23–26)	26	(7–12)	25	(4–7)
Þýskaland <i>Germany</i>	26	(6–11)	27	(9–11)	30	(17–18)	30	(17–18)
Evrópusambandið <i>EU (25)</i>	30	...	30	...	30	...	30	...	30	...
Evrópusambandið <i>EU (27)</i>	30	...	30	...	31	...	31	...

Tafla 18. Fimmtungastuðull, evrópskur samanburður 2004–2008Table 18. *Income quintile share ratio, European comparison 2004–2008*

	2004		2005		2006		2007		2008	
	Stuðull <i>Coeffic.</i>	Röð <i>Rank</i>	Stuðull <i>Coeffic.</i>	Röð <i>Rank</i>	Stuðull <i>Coeffic.</i>	Röð <i>Rank</i>	Stuðull <i>Coeffic.</i>	Röð <i>Rank</i>	Stuðull <i>Coeffic.</i>	Röð <i>Rank</i>
Austurríki <i>Austria</i>	3,8	(6)	3,8	(7–8)	3,7	(6–7)	3,8	(9–11)	3,7	(7–8)
Belgía <i>Belgium</i>	3,9	(7–8)	4,0	(12–15)	4,2	(13–14)	3,9	(12–13)	4,1	(13–15)
Bretland <i>United Kingdom</i>	5,8	(20–21)	5,4	(22)	5,5	(22–24)	5,6	(23)
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	4,0	(9)	3,7	(6–7)	5,1	(19)	6,9	(29)	6,5	(27)
Danmörk <i>Denmark</i>	3,4	(2–3)	3,5	(3–4)	3,4	(1–2)	3,7	(5–8)	3,6	(5–6)
Eistland <i>Estonia</i>	7,2	(18)	5,9	(22)	5,5	(23–25)	5,5	(22–24)	5,0	(19)
Finnland <i>Finland</i>	3,5	(4)	3,6	(5)	3,6	(5)	3,7	(5–8)	3,8	(9–10)
Frakkland <i>France</i>	4,2	(10)	4,0	(12–15)	4,0	(9–11)	3,8	(9–11)	4,2	(16)
Grikkland <i>Greece</i>	5,9	(16)	5,8	(20–21)	6,1	(27)	6,0	(26)	5,9	(24–25)
Holland <i>Netherlands</i>	4,0	(12–15)	3,8	(8)	4,0	(14–15)	4,0	(11–12)
Írland <i>Ireland</i>	5,0	(13)	5,0	(17)	4,9	(18)	4,8	(18)	4,5	(17)
Ísland <i>Iceland</i>	3,4	(2–3)	3,5	(3–4)	3,7	(6–7)	3,9	(12–13)	3,8	(9–10)
Ítalía <i>Italy</i>	5,7	(15)	5,6	(19)	5,5	(23–25)	5,5	(22–24)	5,1	(20–21)
Krótía <i>Croatia</i>	4,8	(11–12)	4,7	(15)	4,4	(16)	4,5	(16–17)
Kýpur <i>Cyprus</i>	4,3	(14)	4,3	(15)	4,5	(16–17)	4,1	(13–15)
Lettland <i>Latvia</i>	6,7	(24)	7,9	(30)	6,3	(27)	7,3	(29)
Litháen <i>Lithuania</i>	6,9	(25–26)	6,3	(38)	5,9	(25)	5,9	(24–25)
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	3,9	(7–8)	3,9	(9–11)	4,2	(13–14)	4,0	(14–15)	4,1	(13–15)
Malta <i>Malta</i>	3,9	(9–11)	4,0	(9–11)	3,8	(9–11)	4,0	(11–12)
Noregur <i>Norway</i>	3,6	(5)	4,1	(13)	4,6	(17)	3,7	(5–8)	3,7	(7–8)
Portúgal <i>Portugal</i>	6,9	(17)	6,9	(25–26)	6,8	(39)	6,5	(28)	6,1	(26)
Pólland <i>Poland</i>	6,6	(23)	5,6	(26)	5,3	(20–21)	5,1	(20–21)
Rúmenía <i>Romania</i>	4,8	(11–12)	4,9	(16)	5,3	(20–21)	7,8	(30)	7,0	(28)
Slóvakía <i>Slovakia</i>	3,9	(9–11)	4,0	(9–11)	3,5	(3–4)	3,4	(1–3)
Slóvenía <i>Slovenia</i>	3,4	(2)	3,4	(1–2)	3,3	(1)	3,4	(1–3)
Spánn <i>Spain</i>	5,1	(14)	5,4	(18)	5,3	(20–21)	5,3	(20–21)	5,4	(22)
Svíþjóð <i>Sweden</i>	3,3	(1)	3,3	(1)	3,5	(3–4)	3,4	(2)	3,5	(4)
Tékkland <i>Czech Republic</i>	3,7	(6–7)	3,5	(3–4)	3,5	(3–4)	3,4	(1–3)
Ungverjaland <i>Hungary</i>	4,0	(12–15)	5,5	(23–25)	3,7	(5–8)	3,6	(5–6)
Þýskaland <i>Germany</i>	3,8	(7–8)	4,1	(12)	5,0	(19)	4,8	(18)
Evrópusambandið <i>EU (25)</i>	4,8	...	4,9	...	4,8	...	4,8	...	4,8	...
Evrópusambandið <i>EU (27)</i>	4,9	...	4,8	...	5,0	...	5,0	...

Tafla 19. Lágtekjuhlutfall, evrópskur samanburður 2004–2008Table 19. *At-risk-of-poverty rate, European comparison 2004–2008*

	2004		2005		2006		2007		2008	
	Stuðull <i>Coeffic.</i>	Röð <i>Rank</i>	Stuðull <i>Coeffic.</i>	Röð <i>Rank</i>	Stuðull <i>Coeffic.</i>	Röð <i>Rank</i>	Stuðull <i>Coeffic.</i>	Röð <i>Rank</i>	Stuðull <i>Coeffic.</i>	Röð <i>Rank</i>
Austurríki <i>Austria</i>	13	(6–8)	12	(6–10)	13	(9–12)	12	(6–10)	12	(6–10)
Belgía <i>Belgium</i>	14	(9)	15	(17)	15	(15)	15	(15–16)	15	(14–16)
Bretland <i>United Kingdom</i>	19	(22–25)	19	(23–25)	19	(20–22)	19	(21–23)
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	15	(10)	14	(14–16)	18	(19–22)	22	(27)	21	(27)
Danmörk <i>Denmark</i>	11	(2–5)	12	(6–10)	12	(5–8)	12	(6–10)	12	(6–10)
Eistland <i>Estonia</i>	20	(14–17)	18	(19–21)	18	(19–22)	19	(20–22)	19	(21–23)
Finnland <i>Finland</i>	11	(2–5)	12	(6–10)	13	(9–12)	13	(11–12)	14	(13)
Frakkland <i>France</i>	13	(6–8)	13	(11–13)	13	(9–12)	13	(11–12)	13	(11–12)
Grikkland <i>Greece</i>	20	(14–17)	20	(26–28)	21	(29)	20	(23–25)	20	(24–26)
Holland <i>Netherlands</i>	11	(4–5)	10	(1–3)	10	(1–3)	11	(3–5)
Írland <i>Ireland</i>	21	(18)	20	(26–28)	18	(19–22)	18	(19–21)	16	(17–18)
Ísland <i>Iceland</i>	10	(1)	10	(2–3)	10	(1–3)	10	(1–3)	10	(2)
Ítalía <i>Italy</i>	19	(13)	19	(22–25)	20	(26–28)	20	(23–25)	19	(21–23)
Krótía <i>Croatia</i>	18	(11–12)	18	(19–21)	17	(18)	18	(19–21)
Kýpur <i>Cyprus</i>	16	(18)	16	(16–17)	16	(17)	16	(17–18)
Lettland <i>Latvia</i>	19	(22–25)	23	(30)	21	(26)	26	(29)
Litháen <i>Lithuania</i>	21	(29–30)	20	(26–28)	19	(20–22)	20	(24–26)
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	13	(6–8)	14	(14–16)	14	(13–14)	14	(13–14)	13	(11–12)
Malta <i>Malta</i>	14	(14–16)	14	(13–14)	14	(13–14)	15	(14–16)
Noregur <i>Norway</i>	11	(2–5)	11	(4–5)	11	(4)	12	(6–10)	11	(3–5)
Portúgal <i>Portugal</i>	20	(14–17)	19	(22–25)	18	(19–22)	18	(19–21)	18	(20)
Pólland <i>Poland</i>	21	(29–30)	19	(23–25)	17	(18)	17	(19)
Rúmenía <i>Romania</i>	18	(11–12)	18	(19–21)	19	(23–25)	25	(28)	23	(28)
Slóvakía <i>Slovakia</i>	13	(11–13)	12	(5–8)	11	(4–5)	11	(3–5)
Slóvenía <i>Slovenia</i>	12	(6–10)	12	(5–8)	12	(6–10)	12	(6–10)
Spánn <i>Spain</i>	20	(14–17)	20	(26–28)	20	(26–28)	20	(23–25)	20	(24–26)
Svíþjóð <i>Sweden</i>	11	(2–5)	9	(1)	12	(5–8)	11	(4–5)	12	(6–10)
Tékkland <i>Czech Republic</i>	10	(2–3)	10	(1–3)	10	(1–3)	9	(1)
Ungverjaland <i>Hungary</i>	13	(11–13)	16	(16–17)	12	(6–10)	12	(6–10)
Þýskaland <i>Germany</i>	12	(6–10)	13	(9–12)	15	(15–16)	15	(14–16)
Evrópusambandið <i>EU (25)</i>	16	...	16	...	16	...	16	...	16	...
Evrópusambandið <i>EU (27)</i>	16	...	16	...	17	...	17	...

Hagtíðindi
Statistical Series

95. árg. • 21. tbl.
ISSN 0019-1078

Laun, tekjur og vinnumarkaður
Wages, income and labour market

2010:4
ISSN 1670-4495 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4509 (rafræn útgáfa *PDF*)
Verð kr. *Price ISK* 1.300 • € 11

Umsjón *Supervision* Steinn Kári Steinsson • steinn.steinsson@hagstofa.is
Lárus Blöndal • larus.blondal@hagstofa.is

Sími *Telephone* (+354) 528 1000
Bréfasími *Fax* (+354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series